

Nd. 80. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

IV. liður 11. greinar laganna orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

- a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
- b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádrögnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
- c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádrögnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

2. gr.

VI. liður 11. greinar laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem borið er fram í samræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á lögum nr. 68
15. júní 1971, um tekjuskatt og eignaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að við álagningu tekjuskatts á tekjur skattársins 1971, hafi tekjuskattur á hluta af hinum tekjulægri í hópi elli- og örorkulífeyrisþega reynzt mun meiri en gert var ráð fyrir þegar skattalögin voru sett. Brýna nauðsyn beri því til að lækka þessar álögur í samræmi við þá meginstefnu að létta byrðar þeirra, sem minna mega sín.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

IV. liður 11. greinar laganna orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

- a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
- b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
- c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

2. gr.

VI. liður 11. greinar laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Gjört að Bessastöðum, 11. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.